

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 133/198

komudagur 22.11.2006

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

21. nóvember 2006

Tilvísun: 2006110049

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 266. mál.

Fjármálaeftirlitið styður efni frumvarpsins. Í fylgiskjölum sem fylgja greinargerð með frumvarpinu er að finna ítarlegar upplýsingar um rekstur og horfur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Birt er lögbundin skýrsla Fjármálaeftirlitsins til ráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2007 og sérstakt fylgiskjal þeirrar skýrslu um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú árin. Þar er einnig að finna gögn sem varða síðari breytingu á rekstraráætluninni og tekið hefur verið tillit til í frumvarpinu.

Fjármálaeftirlitið kynnti ársskýrslu sína fyrir tímabilið 1. júlí 2005- 30. júní 2006 fyrir fulltrúum eftirlitsskyldra aðila, ýmsum fulltrúum úr stjórnarsýslunni og fjölmörgum þann 7. nóvember sl. Skýrslan hefur jafnframt verið send Alþingi. Í ársskýrslunni, sem efnislega er samhljóða árlegri lögbundinni skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra, sbr. 16. gr. 1. nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er enn fremur að finna ítarlegt yfirlit yfir starfsemi eftirlitsins ásamt áherslum í starfinu næstu misserin. Þróun fjármálamarkaða og starfsemi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins er mjög hröð eins og sýnt er í skýrslunni og er efni hennar því enn frekari rökstuðningur fyrir forsendum rekstraráætlunar Fjármálaeftirlitsins og framtíðarsýn.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Ragnar Hafliðason